

Mál nr 7/2017

Ár 2017, fimmtudaginn 29. júní, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 7/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 22. febrúar 2017 var farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B, sem er skráður hjá hundaræktunarfélaginu Rexhundar. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 24. mars 2017 og henni gefinn frestur til 21. apríl til að skila inn andmælum. Svarbréf barst 28. mars og áður, hinn 16. janúar hafði kærða sent inn bréf til nefndarinnar varðandi sama mál. Afrit beggja bréfanna voru send kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Taldi siðanefnd að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Kærða hafði samband við skrifstofu HRFÍ í janúar 2017 til að skrá got undan A, sem pöruð hafði verið við rakkann B, sem skráður er hjá hundaræktunarfélaginu Rexhundar. Tíkin er af tegundinni Bulldog og er í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að henni hefði orðið á þau mistök að ætla að það væri öruggt að rakkinn væri skráður hjá HRFÍ og ekki athugað það fyrr en kom að skráningu gotsins en þá hefði henni orðið ljós þau hörmulegu mistök að rakkinn væri ekki skráður í ættbók hjá HRFÍ. Kærða hafi eftir þetta haft samband við alla eigendur aftur í ættir hjá rakkanum til þess að fá samþykki þeirra fyrir umskráningu gota, því allir hefðu hundarnir upphaflega verið skráðir hjá FCI. Það varð því miður allt til einskis því að einn „hlekkur í keðjunni“ neitaði beiðni kærðu um umskráningu. Kærða tiltók að hún hefði aldrei viljandi parað tíkina við rakka sem skráður væri í hundaræktunarfélaginu Rexhundar. Umrædd tík var innflutt og var mikið á sig lagt til að koma henni til landsins á sínum tíma og ætlunun hefði verið að rækta heilsuhrausta bulldog hunda með ættbók frá HRFÍ.

III. Forsendur.

Í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ segir í kafla 2, grein 2.2:

„Rækta aðeins hunda sem eru ættbókarfærðir hjá Hundaræktarfélagi Íslands eða hjá viðurkenndu hundaræktarfélagi innan F.C.I.“

Það liggur ljóst fyrir í málinu að tíkin var pöruð við rakka sem ekki var skráður í ættbók HRFÍ né hjá neinu félagi innan F.C.I. Þrátt fyrir ómælda vinnu að baki innflutnings á tíkinni og árangurslausum tilraunum til að fá rakkann skráðan í ættbók HRFÍ, þá er niðurstaðan sú að mati siðanefndar að kærða hafi ekki gætt nægilega vel að vali á undaneldishundi, né kynnt sér reglurnar nægilega áður en tíkin var pöruð. Kærða hefur því gerst brotleg við grein 2.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá telur siðanefnd hæfilegt að áminna kærðu.

IV. Niðurstaða.

Kærða, Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir